

Fyrirkomulag skólastarfs í Grunnskóla Reyðarfjarðar til 17. nóvember

Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með 2 metra nálægðartakmörkum milli starfsfólks. Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun skal starfsfólk nota andlitsgrímur. Ekki skulu vera fleiri en 10 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli hópa. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

Skólahúsnæðinu hefur verið skipt í fjögur aðskilin sóttvarnarsvæði. 1. – 2. bekkur eru eitt svæði, 3. – 4. bekkur annað, 5. – 6. bekkur þriðja og unglíngagangurinn, á neðsta gangi, fjórða svæðið. Starfsfólki skólans hefur verið skipt niður á þessi hólf.

Kennslu verður háttað þannig:

1. – 4. bekkur:

- Nemendur í 1. – 4. bekk eru undanþegnir 2 metra nálægðarmörkum sem og grímuskyldu. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í 1. – 4. bekk í hverju rými.
- Nemendur 1. – 4. bekkjar verða í sínum bekkjum og í sínum heimastofum.
- Nemendur 1. – 4. bekkjar verða í skólanum á hefðbundnum tíma og borða hádegismat í skólanum en í tveimur hólfum.
- Nemendur 1. – 4. bekkjar verða áfram í Skólaseli, í tveimur hólfum.

5. – 10. bekkur:

- Um nemendur í 5. – 10. bekk gildir 2 metra nálægðartakmörkun en ef víkja þarf frá henni ber nemendum að nota grímu. Skólinn útvegar nemendum grímu. **Grímuskylda er í 7. – 10. bekk.** Ekki skulu vera fleiri en 25 nemendur í 5. – 10. bekk í hverju rými.
- Nemendur 5. – 10. bekkjar verða í skólanum til kl. 12:00 eða 12:10 eða í sex kennslustundir á dag og fara þá heim. **Þeir borða ekki í skólanum.**
- Nemendur þurfa að hafa með sér gott nesti að heiman, sem þeir borða á miðjum morgni. Þetta getur verið skyrdós og/eða samloka.
- Eftir skóla tekur við hefðbundið heimanám hjá hverjum og einum.
- Allt val á unglíngastigi fellur niður þennan tíma, sem og allar smíðjur, sund og íþróttir í sal.

Mæting nemenda og staðsetning er sem hér segir:

Bekkur	Tími í skóla	svæði	salerni	inngangur
1	7:50-13:10	Svæði 1	Inni í stofu	Efri inngangur kl 07:50
2.	7:50-13:10	Svæði 1	Inni í stofu	Efri inngangur kl 07:50
3.	8:00-13:10	Svæði 2	Inni í stofu	Aðal inngangur kl. 08:00
4.	8:00-13:10	Svæði 2	Inni í stofu	Aðal inngangur kl: 08:00
5.	8:00 – 12:00	Svæði 3	Salerni uppi	Efri inngangur kl 08:00
6.	8:10 – 12:10	Svæði 3	Salerni v/myndm	Aðal inngangur kl 08:10
7.	8:00 – 12:00	Svæði 4	Við bókasafn	Bókasafn kl 08:00
8.	8:10 – 12:10	Svæði 4	Við bókasafn	Bókasafn kl 08:10
9.	8:00 – 12:00	Svæði 4	Salerni innst	Inngangur niðri kl 08:00
10.	8:10 – 12:10	Svæði 4	Salerni innst	Inngangur niðri kl 08:10

Eins og sjá má er mæting á mismunandi tíma en ef systkini eru að koma á sama tíma í skólann er það í lagi svo lengi sem þau fara beint í sína heimastofu.

Eðlilega mun stundaskrá raskast en umsjónarkennarar munu sjá til þess að sem flestum greinum verði sinnt.

Veikindi og leyfi frá skóla:

- Þurfi barn að vera heima er mikilvægt að forráðamenn setji sig í samband við skólann svo umsjónarkennari geti skipulagt nám viðkomandi barns í samráði við forráðamenn.
- Sýni nemandi einkenni sem líkjast sjúkdómseinkennum sem tengjast kórónaveirunni skal hann ekki sækja skóla og foreldrar vera í samráði við heilbrigðisyfirvöld um dvöl þeirra heima (sími 1700). Algengustu einkennin eru hiti, hósti, þreyta, vöðva-, bein- eða höfuðverkur.

Vinnuskipulag í Skólaseli:

- Starf Skólaselsins verður óbreytt frá því sem nú er nema að því leytinu til að hópnum er skipt í tvö hólf eða á tvö svæði. 1. – 2. bekkur verður á neðri hæðinni en 3. og 4. bekkur í stofum 3. bekkjar á hæðinni fyrir ofan. Þar sem þessir tveir hópar tilheyra sitt hvoru sóttvarnarhólfinu mega þeir ekki skarast.
- Þeir forráðamenn sem hyggjast sækja börn sín fyrr eru beðnir um að hafa samband við Marzennu forstöðumann Skólasels, marzenna@skolar.fjardabyggd.is, eða Díönu aðstoðarskólalastjóra, dianai@skolar.fjardabyggd.is, svo auðvelda megi skipulag starfsins.

Vegna hertra sóttvarnareglna viljum við leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Foreldrar eiga ekki að koma inn í skólann með börnum sínum. Starfsmenn munu taka á móti nemendum í anddyri í byrjun skóladags og fylgja þeim þangað í lok dags.
2. Ef foreldri þarf bráðnauðsynlega að koma í skólann þá verður hann að gera vart við sig hjá ritara/skólalastjórnum, lögð er áhersla á handpott og sprittun.
3. Sú breyting verður á að skólinn opnar kl. 7:50 á morgnana fyrir fyrstu hópana. Mikilvægt er að nemendur **mæti á þeim tíma sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi**. Þeim verður ekki hleypt inn í skólann fyrr.
4. Sé þörf á fundum með foreldrum verða þeir skipulagðir sem fjar- eða símafundir.
5. Vegna aðstæðna verður gert hlé á símaþáttum 7.-10. bekkjar fram til **17. nóvember eða á meðan reglugröðin er í gildi** og verður notkun þeirra eingöngu leyfð í frímínútum. Athugið að nemendur fá ekki aðgang að gestaneti skólans.

Markmiðið er að halda úti sem bestu skólastarfi með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar eru. Þannig að nemendur geti haldið daglegri rúttinu sem hjálpar þeim til aukinnar virkni. Það skal tekið fram að þetta er skipulag getur tekið breytingum frá degi til dags. Því biðjum við ykkur um að fylgjast vel með tölvupósti og á heimasíðu skólans, www.grunnrey.is

Með von um gott samstarf,
starfsfólk Grunnskóla Reyðarfjarðar